



Hvalfjarðarsveit, 9. janúar 2020

Brim hf.  
Gunnar Hermannsson  
Örfirisey  
101 Reykjavík.  
netfang: gunnarh@brim.is

Með umsókn sem barst Heilbrigðiseftirliti Vesturlands (HeV) í lok júlí 2019 var sótt um endurnýjun á starfsleyfi fyrir loðnuverksmiðju HB Granda á Akranesi.

Með gögnum sem síðar bárust kom fram að Brim hf. hafði yfirtekið reksturinn og var þá um leið orðið umsækjandi starfsleyfisins.

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var tillaga að nýju starfsleyfi auglýst á heimasíðu HeV og lá þar í 4 vikur þannig að hægt væri að gera athugasemdir við efni hennar.

Ein ábending/athugasemd barst 27. desember sem sneri að fráveitumálum fyrirtækisins. Þar lýsa Veitur ohf. yfir áhyggjum af óhreinsuðu vinnsluvatni sem fer í bæjarfráveituna á Akranesi sem rekin er af Veitum ohf. og í sjó við útrás við enda Hafnarbrautarinnar. Í bréfinu kemur ennfremur fram að Veitur ohf. vilji að í greinargerð með starfsleyfi komi fram krafa um að Brim hf. aftengi vinnslukerfi loðnuhrognavinnslnnar frá fráveitukerfi Veitna ohf. fyrir 1. nóvember 2020.

Í erindi HeV til Veitna ohf. sama dag kemur fram að hrognavinnsla fari fram á 4 vikna tímabili í mars-apríl og gefist því góður tími til að endurskoða fráveitumálin 1. nóvember 2020. Ennfremur benti HeV á viðræður sem fram fóru um fráveitumálin milli Veitna ohf. og HB Granda hf. (Nú Brim hf.) 2017 þar sem vilji lá fyrir hjá báðum fyrirtækjunum að leysa fráveitumálin.

Þá lágu fyrir skýrslur frá Verkfræðifyrirtækinu Mannviti um hvernig hægt væri leysa þessi mál.

Ekki var farið í framkvæmdir af hálfu HB Granda m.a. vegna þess að loðnuvinnsla lá niðri á s.l. ári og óvíst með horfur á þessu ári.

Í starfsleyfi sem nú er gefið út kemur fram að fráveitumálin skuli endurskoða eigi síðar en 1. nóvember 2020 og liggja þá væntanlega fyrir tillögur um lausn mála.

Bent skal á að starfsleyfi HeV er hægt að kæra til sérstakrar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ([www.uua.is](http://www.uua.is)) innan 30 daga frá útgáfu starfsleyfisins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Vesturlands

---

framkv.stj. heilbrigðiseftirlits

**Fylgiskjal:**

Starfsleyfi útgefið 9. janúar 2020



# Starfsleyfi

til að starfrækja: Loðnuhrognavinnslu og frystingu á loðnu.

Nafn fyrirtækis: Brim hf.

Heimilisfang: Hafnarbraut 3-9 og Breiðargötu 8      Fasteignanr: 210-2413 og 210-2475

Kennitala: 541185-0389      Sími: 550 1000      Netfang: gunnarh@brim.is

Forsvarsmaður: Gunnar Hermannsson

Útgáfudagur leyfis: 9. janúar 2020

Gildir til: 9. janúar 2032

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og öðrum reglugerðum sem gilda um starfsemina á hverjum tíma og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Ef fyrirtækið flytur eða eigandaskipti verða, fellur starfsleyfið úr gildi. Framsal starfsleyfis er óheimilt.

Starfsleyfið skal endurskoða á fjögurra ára fresti að meðaltali.

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, þar með talinni starfsleyfisvinnslu. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

# Fylgiskjal

með starfsleyfi fyrir

Brim hf. loðnuhrognavinnslu á Akranesi

Heilbrigðisnefnd Vesturlands veitir Brimi hf., kt. 541185-0389, starfsleyfi til að reka loðnuvinnslu við Hafnarbraut 3-9 og Breiðargötu 8 á Akranesi.

Forsvarsmaður starfseminnar er Gunnar Hermannsson.

## 1. Um starfsleyfið

1.1. Gildistími starfsleyfisins er 12 ár frá útgáfudegi. Starfsleyfið skal endurskoða á fjögurra ára fresti að jafnaði. Fráveitumálin skal endurskoða fyrir 1. nóvember 2020. Ennfremur skal endurskoða starfsleyfið ef:

- breytingar verða á eignarhaldi eða rekstri. Allar meiri háttar breytingar á rekstri skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands með góðum fyrirvara þannig að a.m.k. gefist 4 vikur til að meta þær og hugsanleg áhrif á starfsleyfið.
- fram koma skaðleg áhrif starfseminnar á umhverfið, meiri mengun af völdum atvinnurekstrarins en búast mátti við eða hætta sem ekki var áður ljós.
- gerðar eru nýjar kröfur eða breytingar verða á bestu fánlegri tækni sem gildir um reksturinn.

1.2. Starfsleyfið er gefið út af Heilbrigðisnefnd Vesturlands í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit m.s.br.

1.3. Leyfið gildir fyrir loðnuvinnslu allt að 5.000 tonnum á ári.

1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.5. Eintak af starfsleyfinu skal ávallt vera tiltækt í fyrirtækinu og skal kynna öllum starfsmönnum ákvæði þess. Forsvarsmaður fyrirtækisins er ábyrgur fyrir að það starfi samkvæmt því.

## 2. Húsnæði, lóðir, umhverfi og fastur búnaður.

2.1 Fyrirtækið skal halda húsnæði og umhverfi snyrtilegu.

2.2 Lóð fyrirtækisins skal haldið snyrtilegri, plön lögð bundnu slitlagi og geymslusvæði girt af (eftir þörfum).

2.3 Vistun á óhreinum ílátum undan hráefni, úrgangi eða öðru þ.h. er óheimil utandyra.

2.4 Loftræsingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum eða vegfarendum óþægindum vegna mengunar, s.s. vegna lykta eða hávaða.

2.5 Fyrirtækið skal hafa fullnægjandi búnað, t.d. síu, slógbrunn og fitugildru, til að hindra að föst óhreinindi berist í holræsakerfið. Slíkum búnaði skal komið fyrir bæði við niðurföll á vinnslusvæði og plani þar sem ætla má að lífrænn úrgangur falli til. Sé búnaður ekki hreinsaður með samfelldum hætti skal hreinsa hann daglega eða reglubundið yfir daginn. Aðstaða skal vera til að geta mælt frárennsli frá hreinsibúnaði.

2.6 Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.

## 3. Starfsemin.

3.1. Allt hráefni og úrgang skal geyma innandyra eða á annan hátt sem leyfisveitandi getur samþykkt.

3.2. Óheimilt er að farga lífrænum úrgangi, þ.m.t. slógi, beinum og roði, um niðurföll. Slíkan úrgang eða hráefni til bræðslu skal ísa, geyma í kæli eða frysta ef hann er ekki fluttur daglega úr fyrirtækinu.

3.3. Lífrænn úrgangur skal fluttur burt í lokuðum tönkum eða í heilum körum og/eða flutningstækjum með tryggri yfirbreiðslu.

3.4. Hvers konar urðun eða brennsla úrgangs er með öllu óheimil á vegum fyrirtækisins.

3.5. Fyrirtækið skal takmarka hávaða og lykt frá starfseminni eins og kostur er.

3.6. Eftirlit, rekstur og viðhald kæli- og frystibúnaðar skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.

## 4. Verkstæðisaðstaða.

4.1. Mengun í fráveitu:

- Óheimilt er að losa hættulegan efnaúrgang í fráveitu.
- Fráveitulagnir frá verkstæðisaðstöðu skulu aðgreindar frá öðrum lögnum. Á þeirri lögnum skal vera gildra til að fanga olíur og önnur efni sem kunna að berast í fráveituvatn.

- Þar sem fljótandi úrgangur (olíur o.þ.h.) getur lekið á gólf ber að nota efni sem sýgur í sig vökvann (t.d. háma, dúka eða sag).
- 4.2. Sækja þarf um sérstakt leyfi fyrir öllum olíutönkum sbr. reglugerð nr. 884/2017 og hlíta kröfum um umbúnað þeirra.
5. Notkun og meðferð hættulegra efna.
- 5.1. Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014.
- 5.2. Verði óhapp eða slys við meðhöndlun hættulegra efna s.s. kælimiðla eða spilliefna, þannig að hætta sé á umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings, ber tafarlaust að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stöðva leka og forðast umhverfismengun og slys á fólki. Tilkynna skal atvikið til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands eins fljótt og auðið er.
- 5.3. Fyrirtækið skal safna öllum spilliefnum sem falla til við starfsemi þess. Óheimilt er að blanda saman mismunandi flokkum spilliefna eða blanda við annan úrgang.
- 5.4. Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Þeim skal skilað til viðurkenndrar móttökustöðvar.
6. Eigið eftirlit.
- 6.1. Fyrirtækið skal halda dagbók þar sem skráð er jafnóðum:
- 6.2. Innkaup efna, s.s. kælimiðla, sem geta orðið að hættulegum efnaúrgangi. Tiltaka skal magn (kg,l) og þann flokk hættulegs úrgangs sem efnið mun tilheyra.
- 6.3. Magn (kg,l) og gerð hættulegs úrgangs sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila.
- 6.4. Viðhald og þjónustu við kæli- og frystikerfi samkvæmt sérstökum eyðublöðum sem Umhverfisstofnun hefur látið útbúa.
- 6.5. Magn lífræns úrgangs sem fyrirtækið lætur frá sér.
7. Helstu lög og reglugerðir sem starfsemina varða og rekstraraðilar uppfylli
- a) Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m síðari breytingum.
  - b) Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
  - c) Reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang nr. 184/2002.
  - d) Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti
  - e) Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
  - f) Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
  - g) Lög nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum.
8. Starfsemi hætt.
- 8.1. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður.
- 8.2. Leggist starfsemin niður skal öllum hættulegum efnaleifum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir hættulegan efnaúrgang.
- 8.3. Ganga skal þannig frá kælitækjum að ekki sé hætta á að kælimiðlar berist út í umhverfið.
9. Ýmis skilyrði.
- 9.1. Fyrirtækis skal leitast við að flokka sorp í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda.
- 9.2. Skylt er að tilkynna öll mengunaróhöpp til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.
- 9.3. Almennigur á rétt á upplýsingum um niðurstöður mengunareftirlits vegna rekstursins hjá eftirlitsaðila. Heilbrigðisnefndum, heilbrigðisfulltrúum og starfsmönnum Umhverfisstofnunar skal heimill aðgangur að fyrirtækinu til skoðunar og eftirlits.
- 9.4. Forsvarsmönnum fyrirtækisins er skylt að veita þessum aðilum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlitsins svo og að afhenda sýni endurgjaldslaust.
- 9.5. Fyrirtækinu ber að greiða Heilbrigðiseftirliti Vesturlands gjald vegna útgáfu og kynningar á starfsleyfinu svo og árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Ef grípa þarf til sérstakra rannsókna vegna starfseminnar er fyrirtækinu einnig skylt að greiða fyrir þær.

**Hvalfjarðarsveit, 9. janúar 2020**  
**f.h. Heilbrigðisnefndar Vesturlands**